

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 16. janúar 2019  
UST201812-184/R.K.  
10.05.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Tillaga að matsáætlun. Landfylling og höfn,  
Björgun Álfnesi. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar móttekið dags. 27. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar á vegum Björgunar ehf. sem hérefstir er nefnt rekstraraðili.

**Framkvæmdarlýsing**

Rekstraraðili rekur starfsemi þar sem jarðefni (sandur og malarefni) er sótt úr sjó og flutt til vinnslu á landi. Ráðgert er að byggja aðstöðu fyrir starfsemina með landfyllingu og viðlegukanti (aðsiglingaraðstöðu eða höfn) með góðu aðgengi frá sjó. Athafnarsvæðið sem um ræðir er á Álfnesi við Þerneyjarsund rétt sunnan við Álfnesvík (sjá mynd 2.1 í greinargerð). Svæðið er alls um 8-10 ha sem er að hluta á landi en að hluta á landfyllingu þar sem skipting þar á milli er áætuð nokkuð jöfn 4-5 ha hvort (bls 12). Breyta þarf aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 svo að framkvæmdir samræmist skipulagi skv. greinargerð (bls. 9). Þá verður einnig búið til deiliskipulag fyrir svæðið.

Áætlað er að byggja viðlegukant við landfyllingu svo skip >1.700 brúttólestir geti lagst að fyrir starfsemi tengda efnisvinnslu. Viðlegukantur verður allt að 130 m langt þil með löndunarleiðslum fyrir dælingu jarðefna á land (bls. 12). Stefnt er á að meðalmagn efnis sem landað á Álfnesi verði um 200.000-350.000 m<sup>3</sup> á ári (bls. 13).

**Umhverfisáhrif**

Fram kemur í greinargerð að farið hefur fram mat á umhverfisáhrifum efnistöku af hafssbotni úr þeim nánum sem rekstraraðili hyggst nýta en í því mati var dæling efnisins á land ekki til umfjöllunar (bls. 6). Auk þess hefur svæðið verið rannsakað í tengslum við urðunarstað SORPA bs. og vegna umhverfismats við framkvæmd Sundabrautar sem ráðgert er að liggi fram hjá fyrirhuguðu athafnarsvæði.

Fjalla þarf um fráveitu starfsmannaaðstöðu í frummatsskýrslu sem þarf að vera í samræmi við ákvæði í rg. nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Gæta þarf að starfsemin fylgi ákvæðum laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda eftir því sem við á og minnir Umhverfisstofnun einnnig á rg. 884/2017 um um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Stofnunin leiðréttir minniháttar villu á bls. 16 í greinargerð þar sem lög um stjórn vatnamála eru nr. 36/2011.

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um neðangreind atriði þurfi að koma fram í frummatsskýrslu.

### **Vernd og vöktun**

Á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði eru engin friðlýst svæði en Leiruvogur (nr. 131) og Þerney (nr. 129) eru hins vegar á náttúruminjaskrá og eru hverfisvernduð í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 (bls. 20). Svæðið er ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði skv. Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ).

Í greinargerð er tekið fram að Þerney, sem er verndað svæði, er nálagt framkvæmdarsvæðinu en verður ekki fyrir beinum áhrifum af framkvæmdinni (bls. 16). Umhverfisstofnun bendir á gr. 54. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis sem geta haft áhrf á vernargildi svæðisins þá skal taka mið af því við leyfisveitingu og leita umsagnar Umhverfisstofnunar. Þó svo Leiruvogurinn og Þerney séu ekki friðlýst svæði þá hafa þau verndargildi vegna hverfisverndar og stöðu á náttúruminjaskrá og er það því framkvæmdinni til bóta ef fjallað verður sérstaklega um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þessu svæði í frummatsskýrslu.

Í greinargerð kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að gera sérstaka rannsókn á gróðurfari svæðisins heldur er ráðgert að taka saman niðurstöður rannsókna sem liggja fyrir (bls. 18). Í kafla matsáætlunar um gróðurfar athafnarsvæðisins er vitnað í rannsóknir sem gerðar voru árið 2006 og 2009 þar sem niðurstaðan var að um væri að ræða graslendi og mólendi sem ekki teljast til sjaldgæfra gróðufélaga. Umhverfisstofnun vekur hins vegar athygli á því að á fyrirhuguðu athafnarsvæði má finna snarrótarvist, grasengjavist, grasmóavist, língresis- og vingulsvist skv. kortsjá NÍ (<http://vistgerdakort.ni.is/>) og hafa allar þessar vistgerðir hátt verndargildi. Stofnunin gerir því athugasemdir við ofangreind áform og telur mikilvægt að í mati á umhverfisáhrifum sé gróðurlendi rannsakað m.t.t. þéttleika þessara vistgerða og um þetta sé fjallað í frummatsskýrslu auk þess hvernig rask á þessum vistgerðum verður takmarkað með mótvægisadgerðum.

Þessu tengt bendir stofnunin á vefsíðuna [namur.is](http://namur.is) til leiðbeiningar um efnistöku og frágang efnistökusvæða. Á vefsíðunni má einnig finna gagnlegar upplýsingar um uppgræðslu raskaðra svæða. Telur Umhverfisstofnun almennt mikilvægt að gengið verði frá athafnarsvæði svo landið beri sem minnst merki um framkvæmdir. Mælir stofnunin með því að svarðlagi verði haldið til haga svo hægt sé að nýta þær við frágang svæðis. Slík vönduð vinnubrögð eru sérstaklega mikilvæg á þeim svæðum þar sem þéttleiki

vistgerða með hátt verndargildi er mikill að mati Umhverfisstofunar. Bæði til þess að lágmarka áhrif á ásýnd svæðis auk þess að vernda gróðurvistir með umtalsvert verndargildi.

### **Vegagerð**

Í greinargerð er fjallað um aðkomu og gerð bráðabirgaðvegatengingar þar til Sundabraut verður lögð (bls. 13). Um er að ræða 7 m breiðan veg með malarfyllingu sem liggar meðfram ströndinni að norðanverðu. Umhverfisstofnun telur að sýna þurfi alla valkostí tímabundinna vega á korti og að fjalla þurfi um frágang þessa vegstæða í frummatsskýrslu og hvernig sé séð til þess að lágmarka umhverfisáhrif þeirra.

### **Ásýnd lands og landslag**

Fyrirhugað athafnarsvæði er láglent án áberandi landslagseinkenna (bls. 15). Skv. greinargerð varð núverandi staðsetning valinn m.a. vegna þess að sjónræn áhrif starfseminnar í Álfssnesvík væru líkleg til að vera lítil og að enn frekar megi draga úr áhrifunum með landslagsmótun (bls. 10).

Á svæðinu verða mannvirki svo sem bílastæði, bílavog, afgreiðsla, rannsóknar- og skrifstofuhúsnæði, verkstæði, geymsla fyrir varahluti og tæki auk skyldis fyrir efnisvinnslutæki. Mesta hæð bygginga eða tækja verður um 14 m þar sem miðað er við að efnishaugar verði ekki hærri en 12 m (bls. 13). Geta þetta talist háreist mannvirki á landsvæði sem er nokkuð flatt og því mikilvægt að fjalla vel um sjónræn áhrif þeirra og mótvægisáðgerðir sem miða að því að fella byggingar sem best að landslagi.

### **Efnistaka**

Efnispörf fyrir landfyllingu er áætluð um 300.000-400.000 m<sup>3</sup> af efni sem verður að mestu fengið með skerðingum á landi (áætlað um 200.000-300.000 m<sup>3</sup>) en að hluta til úr sjó við dýpkun fyrir siglingarrennu (áætlað um 150.000 m<sup>3</sup>) skv. greinargerð (bls. 12). Miðað er við að yfirborð landfyllingar verði um 4,2 m yfir strandlínu og þá þarf um 15.000 m<sup>3</sup> af stórgrýti í grjótavörn fyrir öldubrot sem tekið verður út nálægri námu eða efni nýtt sem til fellur á framkvæmdarsvæði. Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi um í frummatsskýrslu hvaða náma er nýtt og hvernig staðið skal að frágangi svæðis þaðan sem efni er tekið.

Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um í frummatsskýrslu hvort hætta sé á foki ef mjög fínefnaríkt efni er haugsett á athafnasvæðinu

### **Strandsvæði, sjávarbotn og straumar**

Fram kemur í greinargerð að ströndin er bæði grýtt og sendin og upp af ströndinni er myri sem ekki nær 2 ha stærð og fellur því ekki undir sérstöku vernd 61. greinar náttúruverndarlaga nr. 60/2013 (bls. 18). Landfyllingen mun hylja það sjávarset sem er til staðar og vegtengingin mun mögulega liggja við ströndina líkt og áður sagði (bls. 16).

Lífríki í fjörum svæðisins er svipað og í öðrum strandvæðum á Suðvesturlandi þar sem brim er lítið og ekkert sem bendir til þess að botngerð eða strandvæði sé sérstakt á einhvern hátt (bls. 16).

Rekstraraðili hyggst skipuleggja efnistökuferlið á þann hátt að magn efna sem skolast aftur út með sjó (grugg/set) við dælingu á land sé sem minnst og tekið er mið af því við hönnun útrásarinnar (bls. 12 og 16). Ekki hefur verið ákveðið hvaða leið verður valin við að takmarka útskolun skv. greinargerð en Vatnaskil munu gera straumlískan til að gefa betri mynd af dreifingu efna. Umhverfisstofnun telur umræðu um framangreint þurfi að vera ítarleg (valkosti lausna og virkni útstreymislagrnar) í frummatsskýrslu líkt og segir í greinargerð.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áform um greiningu botnsýnatöku (bls. 16) og umfjöllun matsáætlunar um áhrif strauma á t.a.m. rof á sjávarbotni og á landi og hvernig fjallað verður um þau í frummatsskýrslu (bls. 19).

### Lífríki á landi

Röskun verður á landi við starfsemina og ber hér helst að nefna gróðurlendi með hátt verndargildi og er vísað í umfjöllun í kafla hér að ofan um vernd og vöktun.

Í greinargerð segir að landið upp af ströndinni sé vel gróið og þýft og að engar sérstakar tegundir dýra né plantna finnist á svæðinu (bls. 8). Athuganir á fuglalífi voru gerðar sumarið 2008 og voru niðurstöður þeirra að fuglalíf Álfnesi væri nokkuð fjölbreytt og einkum mest við settjörnina sem tekur við vatni frá urðunarstaðnum (bls. 18). Umhverfis tjörnina er mýrlendi en svo skilur malarkambi á milli hennar og sjávar. Niðurstaða þessarar athugunar var að tjörnin við Nesvík ætti að vera hlíft við allri truflun á varptíma. Umhverfisstofnun tekur undir þessa fyrri niðurstöðu.

Fram kemur í greinargerð að ekki er áætlað að rannsaka áhrif á fugla sérstaklega heldur styðjast við niðurstöður fyrri rannsókna auk þess að sækja álit Náttúrufræðistofnunar (bls. 18). Þerney er á náttúrumínjaskrá m.a. vegna þess að þar eru varpstöðvar allmargra fuglategunda og svo liggur verndargildi Leiruvogs í fjölbreytilegum strandgróðri, lífríkrar fjara og miklu fuglalífi. Þar með er fuglalíf mikill þáttur í verndargildi beggja svæða og þess vegna telur Umhverfisstofnun þetta gefa tilefni til þess að áhrif framkvæmda á fuglalíf svæðisins verði sérstaklega skoðað í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að uppfæra tilvísun í válista fugla þar sem gefin var út nýr válisti á síðasta ári (NÍ, 2018). Auk þess bendir stofnunin á að þær athuganir sem stuðst er við eru meira en tíu ára gamlar en svæðið er ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði líkt og áður sagði. Umhverfisstofnun tekur undir með greinargerð að mikilvægt sé að tekið sé tillit til þeirra tegunda fugla sem Ísland er ábyrgðarland fyrir.

### Lífríki í sjó

Áhrif verða á lífríki í sjó vegna landfyllingar og við gerð viðlegukants og dýpkunar í Þerneyjarsundi. Áformað er að rannsaka botndýralíf með sýnatökum á fyrirhuguðu landfyllingarsvæði og tveimur á dýpkunarsvæði þar sem fyrri rannsókn er frá 1991 (bls. 17). Verður botndýrafána og setgerð metin á hverju svæði. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdi við framangreind áfrom.

Framkvæmdir munu hafa áhrif á lífríki í Leiruvogi og mögulega á fiskastofna í ám líkt og greint er frá í greinargerð (bls. 17). Ekki verður gerð sérstök rannsókn á laxfiskum en horft er til fyrri rannsókna og álit Hafrannsóknarstofnunar. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þau áform.

### Valkostir

Í greinargerð kafla 3.6 segir að fjallað verði um valkosti framkvæmda í frummatsskýrslu (bls. 13). Mikilvægt er að rökstuðningur sé til staðar um það hvers vegna valinn kostur er talin besti kosturinn af þeim sem hafa verið athugaðir að mati Umhverfisstofnunar.

### Niðurlag

Umhverfisstofnun telur helstu umhverfisáhrif framkvæmdar vera, breytt ásýnd lands vegna landmótunar og uppbyggingu mannvirkja á athafnarsvæði, rask á gróðurvistgerðum með hátt verndargildi einnig vegna veglagnningar og gruggmyndunar í Þerneyjarsundi, auk mögulegra áhrifa á fuglalíf á svæðum á náttúrumínjaskrá. Stofnunin telur tillögu að matsáætlun vera ítarlega og að mestu vel fram setta.

Stofnunin telur mikilvægt að fjallað sé vel um ofangreind atriði í frummatsskýrslu en gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur